



Nr. xxxx

12. desember 2024

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Vopnafjarðarhreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps innheimtir gjöld vegna sorphirðu og meðhöndlunar úrgangs eins og fram kemur í gjaldskrá þessari. Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps áskilur sér rétt til þess að fela sorphirðuverktaka umsjón með innheimtu móttökugjalda á söfnunarstöðvum, eigi það við.

2. gr.

Sorpreinsunargjald greiðist árlega. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum.

Gjaldið er kr. 26.618,- á hverja íbúð, miðað við almenna tunnu, 240 l.

Sorpeyðingargjald greiðist árlega. Gjald skal innheimt með fasteignagjöldum.

Gjaldið er kr. 22.985,- á hverja íbúð, miðað við almenna tunnu, 240 l.

Sorpgjald fyrirtækja greiðist árlega. Gjaldið innheimtist með fasteignagjöldum.

Hvert fyrirtæki greiðir lágmarkssorpgjald 49.603,- kr. á ári., sem er annars vegar 26.618,- kr. í sorpreinsunargjald og hins vegar 22.985,- kr. í sorpeyðingargjald. Gjaldið tekur mið af 240 l tunnu.

Á hvert frístundahús (sumarbústað), greiðist þjónustugjald kr. 14.881,- sem er 30% af fullu gjaldi (kr. 49.603,-), enda geti notendur þeirra losað sig við sorp á gámasvæðum á vegum sveitarfélagsins.

Fyrir hverja aukatunnu skal greiða 23.783,- kr./ár.

Fyrir sorp umfram þetta greiðist samkvæmt gjaldskrá Vopnafjarðarhrepps.

3. gr.

Gjaldskrá vegna móttöku úrgangs á safnstöð og sorphaugum Vopnafjarðarhrepps skal vera með eftirfarandi hætti:

Móttökugjald	Kr. án/vsk
Móttökugjald fyrir einstaka farma allt að:	
0.25 (1/4) m ³	0,-
0,50 (1/2) m ³	1.631,-

0,75 (3/4) m ³	2.445,-
1,0 m ³	3.259,-
Óflokkað	Kr./kg án.vsk
Blandaður úrgangur: Að mestu úrgangur sem fer ekki í skilgreindan endurvinnsluferil og þarfnað ekki sérstakrar meðhöndlunar í böggum	19,1
Grófur úrgangur: Úrgangur sem þarf að flokka og vinna sérstaklega fyrir böggun og aðra meðhöndlun. Sem dæmi: teppi, dýnur, kaðlar, net, húsgögn, jarðvegur, málmar, steinefni og gler.	21,5
Flokkað	
Timbur:	
Hvítmálað, plasthúðað og blandað	17,9
Flokkað timbur og greinar (ekki hvítmálað og án aðskotahluta)	11,9
Hey trjáafklippur, gras, hálmur og arfi	0
Dagblöð/tímarit til endurvinnslu	0
Skrifstofupappír og hvítur afskurður frá prents miðju	
Málmar:	0
Úrgangur sem ber úrvinnslugjald:	
Umbúðir úr sléttum pappa	0
Plastumbúðir	0
Heyrúlluplast	0
Bylgjupappi	0
Hjólbarðar	0
Raftæki	0
Spilliefni (heimilt er að fyrir útlögðum kostnaði v/spilliefna sem ekki bera úrvinnslugjald)	0
Annað:	
Smádýrahræ, sláturúrgangur og fiskúrgangur	13,1
Fljótandi úrgangur (seyra)	13,1
Húsdýraúrgangur	0
Ómengaður úrgangur til urðunar, (jarðvegur, steinefni, sem ekki nýtist til jarðgerðar, sem fyllingarefnar eða til landmótunar á urðunarstað)	15,5

Íbúar geta skilað allt að ½ rúmmetra af heimilissorpi á dag til móttökustöðvarinnar gjaldfrjálst.

Gjaldskyldir farmar frá atvinnurekstri undir ¼ m³ bera lágmarksgjald kr. 3.250,-

Ef vinna þarf úrgang sérstaklega fyrir urðun er verktaka heimilt að innheimta tímajald skv. gjaldskrá verktaka.

4. gr.

Gjald fyrir sorphirðu skv. 2. gr. skal innheimta með fasteignagjöldum.

Gjalddagar þessara gjalda skulu vera þeir sömu og annarra fasteignagjalda.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Gjalddagi gjalda skv. 3.. gr. er 1. hvers mánaðar og eindagi 15 dögum síðar.

5 gr.

Verði vanskil á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er hægt að innheimta gjöld með fjárnámi hjá úrgangshafa án undangengins dóms, sbr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989. Gjöldin eru og tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga, sbr. lokamálsgrein 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Vopnafjarðar þann 12. desember 2024, með stoð í 7. gr. samþykktar um sorphreinsun í Vopnafjarðarhreppi, sbr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum.

Gjaldskrá þessi tekur gildi frá og með 1. janúar 2025. Jafnframt fellur þá úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Vopnafjarðarhreppi nr. 1538/2023.

Vopnafirði 12. desember 2024

Valdimar O. Hermannsson sveitarstjóri



Sveitarstjóri

Vopnafjarðarhreppur

B-deild – Útgáfud.:

